

Ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva 25. september 2009

Á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var í dag voru lagðar fram upplýsingar um þróun heildarafla, afurðaverðs, gengis, hráefnis-kostnaðar, vaxta og annarra útgjaldaliða sem ráða mestu um afkomu í sjávarútvegi.

Verulegar erlendar verðlækkanir hafa orðið á nokkrum mikilvægum sjávarafurðum sem er bein afleiðing efnahagserfiðleika og minni kaupgetu í okkar mikilvægustu markaðslöndum. Samdráttur í botnfiskafla á yfirstandandi fiskveiðiári og loðnubrestur undanfarin ár hefur aukið á vandann.

Lækkun á gengi íslensku krónunnar birtist í hærra skilaverði til fyrirtækjanna, en erlendar verðlækkanir hafa dregið mikið úr þeim ávinningi. Hagsmunir sjávarútvegsins og annarra útflutningsgreina felast í stöðugra gengi krónunnar –jafnvægisgengis- þar sem horft verði til mikilvægis útflutnings- og samkeppnisgreina.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva telur endurreisn íslenska fjármálakerfisins, lækkun fjármagnskostnaðar og afnám gjaldeyrishafta algjört forgangsmál. Það er lífsspursmál fyrir fólk og fyrirtæki að hægt verði að taka upp eðlilega bankapjónustu sem allra fyrst. Fjárhagslegri endurskipulagningu viðskiptabanka og sparisjóða fer senn að ljúka og því mikilvægt að hægt verði að koma hjólum atvinnulífsins sem fyrst af stað.

Skorað er á Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti í samræmi við fyrirheit við gerð Stöðugleikasáttmálans 25. júní sl. Veruleg lækkun stýrivaxta eigi síðar en 5. nóvember nk. og lækkun annarra nafnvaxta í kjölfarið væru skýr og jákvæð skilaboð út í þjóðfélagið.

Við endurreisn fjármálakerfisins og lækkun fjármagskostnaðar skapast fyrst aðstæður til að hefja raunverulega endurreisn íslensks atvinnulífs.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva leggst eindregið gegn öllum tillögum og hugmyndum ríkisstjórnarinnar um fyrningarleið í sjávarútvegi og innköllun á öllum fiskveiðiheimildum til ríkisins á næstu tveimur áratugum. Framkvæmd fyrningarleiðar mun fela í sér að afkoma sjávarútvegsfyrirtækja og atvinnuöryggi starfsfólks þeirra mun verða kippt í burtu á fáum árum.

Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina að falla frá öllum hugmyndum um fyrningarleið í sjávarútvegi, en beina kröftum sínum þess í stað að þeim gríðarlegu vandamálum sem þjaka þjóðarbúið. Við þessar aðstæður væri eðlilegt að endurskoðunar- og sáttanefnd sjávarútvegsráðherra sem skila

á tillögum fyrir 1. nóvember nk., einbeiti sér að þeim vandamálum sem brenna mest á atvinnugreininni.

Mikilvægi sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina hefur aukist mikið í kjölfar efnahagshrunsins. Það á því að vera kappsmál stjórnvalda að halda frið við atvinnugreinina í stað þess að boða ráðstafanir sem gera nær ómögulegt fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi að marka sér framtíðarsýn við ríkjandi aðstæður.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva leggst eindregið gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þessari afstöðu samtakanna var komið skýrt á framfæri við Utanríkismálanefnd þegar þingsályktunartillögur utanríkisráðherra og stjórnarandstöðuflokkanna voru til umræðu á Alþingi í sumar.

Meirihluti alþingismanna samþykkti á sumarþingi að leggja fram aðildarumsókn og framundan eru aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Aðalfundurinn áréttar mikilvægi þess að samningamenn Íslands setji fram eftirfarandi samningsskilyrði í sjávarútvegi, sem verði ófrávíkjanleg:

- Íslendingar fari sjálfir með forræði yfir fiskimiðunum og lagasetningarvald á sviði sjávarútvegsmála verði áfram hjá Alþingi.
- Íslendingar fari sjálfir með samningsforræði við stjórn og skiptingu veiðiréttar úr deilistofnun og á alþjóðavettvangi á sviði fiskveiða og hafréttar.
- Fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum verði áfram takmarkaðar.

Fiskimiðin umhverfis Ísland eru ein mikilvægasta náttúruauðlind okkar og ein af grunnundirstöðum íslensks efnahags. Forræði yfir fiskimiðunum og öðrum mikilvægum hagsmunum verður ekki afsalað í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.